

**Ed.**

**36. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

36. gr. og fyrri málsgrein 37. gr. sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnunum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og galdið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgærd eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar.

Ef bú, verslun eða annað arðsamt fyrirtæki er rekið alt gjaldárið í einum hreppi, sem eigandi ekki á lögheimili í, hefir hreppsnefndin í hreppnum, þar sem fyrirtækið er rekið, rjett til að leggja fult útsvar á arðinn af því og eignina, sem notuð er til að reka fyrirtækið með, eins og eigandinn ætti lögheimili í hreppnum, en hreppsnefndin, þar sem eigandi fyrirtækisins á lögheimili, hefir þá engan álögurjett á þær eignir eða arðinn af þeim.

Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, sildveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á sild á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðiafnot, hvort sem laxveiðin er rekin sem atvinna eða aðeins til skemtunar, og á hvern hátt sem veiðin er stunduð, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðaafnot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir timalengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer á brott.

## 2. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðlöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

## 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50, 28. nóv. 1919, og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

## Greinargerð.

Ákvæði gildandi sveitarstjórnarlaga um það, hvernig leggja beri útsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta, ef eigandi eða ábúandi er búsettur í öðrum hreppi, eru mjög óljós og þau valdið tíðum útsvarskærum og ágreiningi milli hlutaðeigandi hreppsnefnda.

Híð sama hefir orðið uppi á teningnum, þá er um laxveiðiafnot hefir verið að ræða. Hafa deilur miklar risið út af því, hvort veiðin hafi verið rekin sem atvinna eða til skemtunar einungis, og þá aðallega verið miðað við veiðiaðferðina, hvort veitt hefir verið með neti eða á stöng, en ekki tekið tillit til þess, hve arðsöm veiðin hefir verið. Hafa ýms sveitarfjelög fyrir þessar sakir orðið fyrir ósanngjörnum tekjumissi.

Breytingar þær, er felast í frumvarpi þessu, miða í þá átt, að gera lögin skýrari og koma í veg fyrir misskilning þann, er komið hefir fram í framkvæmd laganna.